



Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Akureyrarbæjar
Ársreikningur 2013**

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
Strandgötu 3
600 Akureyri

kt. 510169-3799

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Áritun tryggingastærðfræðings	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Kennitölur	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingasjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 129 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Iðgjöld námu samtals 238 milljónum króna og hækkuðu um 6,8% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 125.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 491 milljón króna og hækkuðu um 6,6% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega 441 í árslok.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 9.119 milljón króna og hækkaði um 7,9% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 11,06% og hrein raunávöxtun var 7,15% samanborið við 7,68% nafnávöxtun og 3,02% raunávöxtun á árinu 2012. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 3,89% og 5,01% s.l. 10 ár. Breytingar á óvissuliðum í ársreikningnum gerðu það að verkum að ávöxtun ársins var 2,7% betri en hún hefði annars verið sbr. skýringu 12 í ársreikningi.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2013. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 13.847,6 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors kr. 9.291,3 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 4.556,3 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 67,1% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 5.365,2 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða sem nemur 35,5% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 167,8 milljónir króna á árinu.

Stjórnin reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næsta ári.

Sjóðurinn hefur ekki launaða starfsmenn, en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Akureyri, 19. mars 2014

Stjórn:

Arna Jakobína Björnsdóttir	Eiríkur Björn Björgvinsson Stjórnarformaður	Ólafur Jónsson
Oddur Helgi Halldórsson	Kári Arnór Kárasón Framkvæmdastjóri	Hanna Rósa Sveinsdóttir

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Akureyri 19. mars 2014

Deloitte ehf.

Aðalsteinn Sigurðsson
endurskoðandi

Hólmgímur Bjarnason
endurskoðandi

Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2013. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur árána 2007-2011 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 14.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2013. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2013. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda- bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða ef eingöngu er litið til eigna sjóðsins og verðmætis iðgjalda. Launagreiðendum ber að auki skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum, og að teknu tilliti til þeirra greiðslna má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Reykjavík, 19. mars 2014

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2013

	Skýringar	2013	2012
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		17.687	18.645
Iðgjöld launagreiðenda.....		220.605	204.552
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(218)	(329)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði.....		2.189	1.993
<i>Iðgjöld</i>	3	<u>240.263</u>	<u>224.862</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	4	491.404	460.999
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....		759	90
<i>Lífeyrir</i>	1	<u>492.164</u>	<u>461.089</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....	5	78.562	7.112
Vaxtatekjur og gengismunur.....	5	869.094	627.044
Breyting á niðurfærslu.....	10	(2.615)	(148)
<i>Fjárfestingartekjur</i>	5	<u>945.041</u>	<u>634.008</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	6	5.918	5.628
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	18.184	17.449
<i>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</i>	1	<u>24.102</u>	<u>23.078</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		669.038	374.703
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>8.450.216</u>	<u>8.075.514</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>9.119.254</u>	<u>8.450.216</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýringar	2013	2012
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	8	949.706	116.020
Verðbréf með föstum tekjum.....	9	7.793.940	8.010.598
Veðlán.....	9	39.160	39.597
<i>Fjárfestingar</i>	2	<u>8.782.807</u>	<u>8.166.214</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendum.....		47.858	42.344
<i>Kröfur</i>		<u>47.858</u>	<u>42.344</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán.....		298.040	485.222
<i>Aðrar eignir</i>		<u>298.040</u>	<u>485.222</u>
Eignir samtals		9.128.704	8.693.780
Skuldir			
	11		
Skuldir við lánastofnanir.....		0	234.453
Aðrar skuldir.....		9.450	9.110
<i>Skuldir</i>		<u>9.450</u>	<u>243.563</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>9.119.254</u>	<u>8.450.216</u>
Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum	14		

Sjóðstreymi ársins 2013

	2013	2012
Inngreiðslur		
Iðgjöld.....	234.749	220.057
Fjárfestingartekjur	493.879	482.029
Afborganir verðbréfa.....	421.562	165.916
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	45.693	317.237
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	905.254	727.556
	<u>2.101.137</u>	<u>1.912.795</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir.....	492.164	461.089
Fjárfestingargjöld.....	5.918	5.628
Aðrar útgreiðslur.....	17.844	24.154
	<u>515.925</u>	<u>490.871</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	1.585.211	1.421.924
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	1.221.898	87.436
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	550.496	1.215.037
	<u>1.772.394</u>	<u>1.302.473</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	(187.183)	119.450
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	485.222	365.771
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>298.040</u>	<u>485.222</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig er metið reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru móttframlag launagreiðanda. Framlag vegna jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi en framlaginu er ætlað að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða.

1.3 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er framlag til Virk starfsendurhæfingarsjóðs.

1.4 Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum:

Undir tekjur af eignarhlutum er færður arður af hlutabréfaeign. Ennfremur breytingar á gengi skráðra hlutabréfa og gengismunur ef eignir eru skráðar í erlendum gjaldmiðlum og hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa.

Vaxtatekjur og gengismunur:

Undir vaxtatekjur og gengismunur eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum og bankainnstæðum. Einnig er hér færður gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum og bankainnstæðum sem eru í erlendum gjaldmiðlum sem og breytingar á verði eða söluhagnaður/-tap af hlutdeildarskírteinum og afleiðusamningum.

1.5 Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur kostnaður við daglegan rekstur sjóðsins. Rekstrarkostnaður sem tengist eignaumsýslu er færður sérstaklega undir liðnum fjárfestingargjöld.

2. Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast skammtímabréf verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Innlend hlutabréf sjóðsins eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur sérstök áhætta verið metin jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Skýringar

3. Iðgjöld

	2013	2012
Iðgjöld sjóðfélaga	17.687	18.645
Iðgjöld launagreiðenda	35.529	36.490
Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur	185.076	168.063
Réttindaflutningar og endurgreiðslur	(218)	(329)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	2.189	1.993
Iðgjöld samtals	<u>240.263</u>	<u>224.862</u>

4. Lífeyrir

Ellilífeyrir	376.504	356.290
Örorkulífeyrir	22.778	17.426
Makalífeyrir	91.778	86.891
Barnalífeyrir	345	392
Lífeyrir samtals	<u>491.404</u>	<u>460.999</u>

5. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum	<u>78.562</u>	<u>7.112</u>
Tekjur af innlendum hlutdeildarskírteinum	4.512	0
Tekjur af skuldabréfasjóðum	8.848	10.098
Tekjur af skammtímasjóðum	4.624	(29)
Tekjur af markaðsverðbréfum	601.197	599.269
Tekjur af veðskuldabréfum	3.177	3.832
Tekjur af bankainnstæðum	12.284	13.874
Hagnaður af gengisvörnum	234.453	0
Vaxtatekjur og gengismunur samtals	<u>869.094</u>	<u>627.044</u>
Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar	(2.615)	(148)
Fjárfestingartekjur samtals	<u>945.041</u>	<u>634.008</u>

6. Fjárfestingargjöld

Hlutdeild í rekstrarkostnaði	<u>5.918</u>	<u>5.628</u>
	<u>5.918</u>	<u>5.628</u>

7. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld stjórnar og endurskoðunarnefndar	862	647
Rekstrarþóknun	17.753	16.885
Sérstakur skattur	0	352
Annar rekstrarkostnaður	5.488	5.194
Rekstrarkostnaður samtals	<u>24.102</u>	<u>23.078</u>
Fært á fjárfestingargjöld	(5.918)	(5.628)
	<u>18.184</u>	<u>17.449</u>

Skýringar

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

	2013	2012
Innlend verðbréfaeign:		
Peningamarkaðssjóðir	158.598	3.872
Skuldabréfasjóðir	0	24.066
Innlend hlutabréf	791.108	88.082
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>949.706</u>	<u>116.020</u>

9. Verðbréf með föstum tekjum

Markaðsbréf:

Ríkisbréf	5.916.962	6.392.865
Önnur innlend markaðsskuldabréf	2.098.477	1.836.613
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur	(221.499)	(218.881)
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>7.793.940</u>	<u>8.010.598</u>

Veðskuldabréf:

Veðskuldabréf sjóðfélaga	39.594	40.035
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(434)	(438)
Veðskuldabréf samtals	<u>39.160</u>	<u>39.597</u>
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>7.833.100</u>	<u>8.050.195</u>
Niðurfærsla verðbréfa í heild	(221.934)	(219.319)

Af skráðum skuldabréfum, þar sem kaupverð lá fyrir í Kauphöll Íslands í árslok, var markaðsverð þeirra 213 millj. kr. hærra en bókfært verð. Verðbréf sjóðsins eru í íslenskum krónum.

Skýringar

10. Niðurfærsla verðbréfa

	2013	2012
Niðurfærsla 1.1.	219.318	253.164
Breyting á almennri niðurfærslu	2.615	148
Niðurfærsla færð út	0	(33.994)
Niðurfærsla 31.12.	221.934	219.318

11. Skuldir

Skuldir við lánastofnanir:

Staða afleiðusamninga	0	234.453
	0	234.453

Aðrar skuldir:

Ógreiddur kostnaður	9.450	9.110
	9.450	9.110
Samtals	9.450	243.563

12. Matskenndir liðir í ársreikningi og breytingar á þeim

Nokkur óvissa ríkir um mat á skuldabréfum fyrirtækja í slitameðferð í ársreikningnum, en um er að ræða óverulegar fjárhæðir. Á fyrra ári voru færðar 234,5 milljónir króna til skuldar vegna varúðarsjónarmiða til að mæta hugsanlegum kröfum á sjóðinn vegna afleiðusamninga. Ekki hafa verið gerðar tilraunir til innheimtu á þessum kröfum og eru þær nú fyrndar að mati lögmanna sjóðsins og hafa varúðarfærslur vegna þeirra því verið færðar út úr bókum sjóðsins. Þessi breyting felur það í sér að ávöxtun sjóðsins á árinu er 2,7% betri en hún hefði verið án þessarar breytingar.

13. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra né stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar á árinu greinast þannig:

Arna Jakobína Björnsdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd	160
Eiríkur Björn Björgvinsson, formaður	160
Fjóla Björk Jónsdóttir, endurskoðunarnefnd	80
Halla Björk Reynisdóttir	20
Hanna Rósa Sveinsdóttir	80
Oddur Helgi Halldórsson	80
Ólafur Jónsson, stjórn og endurskoðunarnefnd	160
Samtals	740

Greiðslur til endurskoðenda á árinu voru 1.913 þús. kr. þar af var greiðsla vegna innri endurskoðunar 588 þús. kr.

Greiðslur til Fjármálaeftirlitsins á árinu voru 2.298 þús. kr.

Greiðslur til tryggingastærðfræðings á árinu voru 1.225 þús. kr.

Skýringar

14. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2013 námu áfallnar skuldbindingar 4.556,3 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 5.365,2 milljónum króna hærri fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkningar sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 167,8 milljónir króna á árinu.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærri en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra geta staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	9.119,3		9.119,3
Núvirði verðbréfa.....	261,4		261,4
Fjárfestingarkostnaður.....	(89,3)		(89,3)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		441,3	441,3
Eignir samtals	<u>9.291,3</u>	<u>441,3</u>	<u>9.732,6</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir.....	10.768,8	978,4	11.747,2
Örorkulífeyrir	353,8	61,3	415,1
Makalífeyrir	2.480,3	187,4	2.667,7
Barnalífeyrir.....	3,1		3,1
Rekstrarkostnaður	241,6	23,1	264,7
Skuldbindingar samtals	<u>13.847,6</u>	<u>1.250,2</u>	<u>15.097,8</u>
Skuldbindingar umfram eignir.....	<u>(4.556,3)</u>	<u>(808,9)</u>	<u>(5.365,2)</u>
Eignir sem hlutfall af skuldbindingum.....	67,1%	35,3%	64,5%
Hrein eign umfram skuldbindingar	-32,9%	-64,7%	-35,5%
Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2013.....	(4.465,2)	(1.067,8)	(5.533,0)
Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2013	<u>(4.556,3)</u>	<u>(808,9)</u>	<u>(5.365,2)</u>

Kennitölur

Skýring:	2013	2012	2011	2010	2009
Nafnávöxtun	11,06%	7,68%	8,34%	5,94%	12,04%
Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal	8,99%	9,89%	10,38%	11,61%	13,38%
Raunávöxtun.....	1 7,15%	3,02%	2,96%	3,25%	3,13%
Raunávöxtun - 5 ára meðaltal	3,89%	2,35%	2,55%	3,35%	4,68%
Raunávöxtun - 10 ára meðaltal	5,01%	5,14%	4,60%	4,30%	4,31%
Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum	2 0,07%	0,07%	0,07%	0,07%	0,08%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum	2 0,21%	0,21%	0,29%	0,19%	0,19%
Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum	2 0,27%	0,28%	0,36%	0,26%	0,27%
Samsetning eigna:	3				
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	10,5%	1,3%	4,1%	5,0%	2,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	76,1%	82,6%	80,6%	79,0%	74,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	9,7%	10,0%	10,4%	11,1%	11,0%
Veðlán	0,4%	0,5%	0,5%	0,6%	1,0%
Aðrar eignir	3,3%	5,6%	4,4%	5,0%	13,0%
Skipting eigna eftir gjaldmiðlum:	4				
Eignir í íslenskum krónum	100%	100%	100%	100%	100%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0%	0%	0%	0%	0%
Hlutfallsleg skipting lífeyris:	5				
Ellilífeyrir	76,6%	77,3%	76,9%	75,8%	77,5%
Örorkulífeyrir	4,6%	3,8%	3,8%	5,1%	4,4%
Makalífeyrir	18,7%	18,8%	19,2%	19,0%	18,0%
Barnalífeyrir	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%
Lífeyrisbyrði	6 204,8%	205,1%	196,6%	184,6%	169,6%
Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu	8	8	8	8	8
Virkir sjóðfélagar.....	125	135	146	157	166
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga.....	7 129	140	151	162	173
Fjöldi lífeyrisþega í árslok.....	441	426	399	388	374
Hækkun (lækkun) iðgjalda frá fyrra ári	6,8%	10,8%	2,3%	-3,8%	10,1%
Hækkun lífeyrisútgjalda	6,7%	15,1%	9,1%	4,8%	13,4%
Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris	7,9%	4,6%	5,7%	3,6%	9,8%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	8 -35,5%	-37,6%	-35,3%	-34,3%	-33,6%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	9 -32,9%	-34,1%	-31,8%	-30,2%	-29,1%
Starfsmannafjöldi	0	0	0	0	0
Hækkun vísitölu neysliverðs	3,66%	4,52%	5,23%	2,61%	8,63%
Ávöxtun einstakra eignaflokka:					
<i>Nafnávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	26,4%	44,4%	0,0%	0,0%	-63,1%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Ríkisstrýggð skuldabréf	7,1%	7,1%	8,3%	6,5%	12,3%
Önnur innlend skuldabréf	11,1%	11,3%	12,2%	4,0%	20,3%
Erlend skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	3,6%	34,3%
Skammtímaabréf	4,5%	2,9%	2,4%	9,1%	15,5%
<i>Raunávöxtun:</i>					
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	21,9%	38,1%	0,0%	0,0%	-66,0%
Erlend hlutabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-7,9%
Ríkisstrýggð skuldabréf	3,3%	2,5%	2,9%	3,8%	3,4%
Önnur innlend skuldabréf	7,2%	6,4%	6,6%	1,4%	10,8%
Erlend skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	23,6%
Skammtímaabréf	0,8%	-1,6%	-2,7%	6,3%	6,3%

Skýringar:

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar m.v. vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla án tillits til gjaldeyrisvarna.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum
7. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
8. Heildareignir sjóðsins (eign í lok árs + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
9. Eignir í lok árs í hlutfalli við áfallnar kuldbindingar í lok árs skv. tryggingafræðilegri úttekt.